

Nefndasvið alþingis

Innsend erindi

Umsögn um mál no 176 stjórn fiskveiða (strandveiðar)

Árborg, félag smábátæigenda á suðurlandi ályktaði eftirfarandi á aðalfundi sínum 13. September 2016.

Árborg, félag smábátæigenda á suðurlandi gerir kröfu um að strandveiðidagar verði fjórir í viku í fjóra mánuði yfir sumartímann.

Þessa ályktun sendum við hér með sem umsögn um frumvarp no 176 sem nú er til umfjöllunar á alþingi.



Sauðárkróki, 8. apríl 2017

Umsögn Drangeyjar, smábátafélags Skagafjarðar

um 176. mál – frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, með síðari breytingum (strandveiðar)

Smábátafélagið Drangey styður meginatriði frumvarpsins eins og þau koma fram í 1. grein þess. Sérstaklega fagnar félagið lengingu veiðitímabilsins þar sem slíkt myndi algerlega koma í veg fyrir „ólympískar“ veiðar og mæta þeirri staðreynd að fiskigengd á handfæramiðum er bæði breytileg eftir árstíma og landshlutum. Þá styður félagið 4. gr. þess um sérstakt veiðigjald vegna strandveiða.

Vegna eðli handfæraveiða telur félagið ekki ástæðu til að setja á strandveiðarnar sérstakt heildaraflamark. Þess vegna er lagt til að 2. gr. frumvarpsins hljóði svo:

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Á árunum 2017, 2018 og 2019 verði strandveiðiaflinn utan þess heildaraflamarks sem ákveðið er samkvæmt aflareglu. Að lokinn þriggja ára tilraun með þetta fyrirkomulag verði það endurskoðað á grundvelli þeirrar reynslu sem af því hefur þá fengist.

Ofangreind tillaga um breytingu á 2. gr. byggist á eftirfarandi forsendum:

1. Handfæraveiðar eru í eðli sínu gjörólíkar öðrum veiðum hér við land þar sem það fer eftir hegðan fiskjarins og að einhverju leyti eftir hæfni veiðimannsins hvort eitthvað veiðist. Sömuleiðis er hér um að ræða veiðiaðferð sem sögulega séð hefur aldrei verið ástæða til að setja sérstakar magnhömlur á.
2. Með því að hafa handfæraveiðarnar utan heildaraflamarks myndi meiri sátt skapast um aflamarkskerfið sem hér er við líði enda yrði þá umræðan um að strandveiðarnar væru „að taka eitthvað frá“ öðrum útgerðarflokkum úr sögunni.
3. Þar sem þetta frumvarp er tillaga um ákveðna tegund sóknarmarks (50 daga hámark veiðidaga) skapast tækifæri til að afla viðbótar rannsóknagagna um ástand þeirra stofna sem veiddir eru með handfærum. Í dag er einkum stuðst við rannsóknagögn úr svokölluðu togararalli en eðli þeirra gagna er allt annað en gögn sem handfæraafli skilar. Með þessu myndi líka nást fram meiri samvinna milli smábátasjómannanna og Hafrannsóknarstofnunar en mikið hefur verið kvartað yfir skorti á henni.
4. Þar sem gert er ráð fyrir að þetta fyrirkomulag gildi til bráðabirgða í þrjú ár er auðvelt að endurskoða það og/eða breyta því þá í ljósi reynslunnar.

Virðingarfyllst,

Steinar Skarphéðinsson, formaður Drangeyjar, smábátafélags Skagafjarðar

Atvinnumálanefnd

146 löggjafarþing

Þingskjal 247 – 176 mál

Flm. Gunnar I Guðmundsson

Almennt eru þessar breytingar til batnaðar fyrir strandveiðiflotann, jafnaður er réttur á milli svæða og ekki síst á milli stærri og minni báta í kerfinu, tekið er á ólympískum veiðum, minnkuð spenna og slyshætta vegna veðurs.

Ég átta mig reyndar ekki á, þar sem að talað er um 12 vikur x 4 dagar gera 48 daga og því sé þetta rýmkun á núgildandi kerfi. Í kerfinu í dag er gert ráð fyrir 1. Maí til 31. Ágúst sem að eru um 17 vikur og því um 68 dagar. Það hefur verið krafa strandveiðimanna undanfarin ár að veiðarnar verði leyfðar í 4 daga 4vikur og 4 mánuði ár hvert frá 1 maí til 31 ágúst. Sú krafa er áréttuð hér með.

1. Gr.

7. heimilt að draga.....

Ég tel þessa grein óþarfa þar sem að ekki eru til neinar tölur um brottkast við strandveiðar, það hefur ekki verið talið vera vandamál í strandveiðum.

9. leyfi til strandveiða.....

Þessi grein er slæm fyrir kerfið, hún býður upp á fjölgun stærri báta í kerfinu þar sem hægt verður að selja þá yfir í annað E.H.F. þegar dagarnir 50 eru búnir og fara á makríl eða aðrar veiðar.

11. heimilt að leggja.....

Nægjanlegt er að hafa þessa grein, þá er miðað við að leyfið verði lagt inn í lok október og tekið út aftur með vorinu/sumrinu.

4. gr.

Sérstakt veiðigjald

Þetta er vonlaust ákvæði og má ekki undir neinum kringumstæðum fara inn í lagatexta.

Nú þegar greiða strandveiðiútgerðir 50.000kr.í sérstakt gjald og eru þetta einu útgerðirnar sem að þess þurfa, ef að meira fé þarf til hafrannsóknna eða til gæslu á miðunum eru breiðubökin hjá stærri og eldri útgerðum.

Það fer ekki saman að tala um nýliðun og að hleypa inn í kerfið á ódýrari hátt og skattþína þá svo undir drep.

Virðingarfyllst

Ketill Elíasson

Formaður

Eldingar

Félags smábátæigenda á norðanverðum vestfjörðum



FFSÍ

FARMANNA- OG
FISKIMANNASAMBAND ÍSLANDS

Grensásvegi 13 - 108 Reykjavík - Sími 520 1281 - Fax 520 1289

Nefndasvið Alþingis,

Austurstræti 8-10,

150 Reykjavík.

Reykjavík. 12. apríl 2017

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, með síðari breytingum (strandveiðar). Þingskjal 247 — 176. Mál.

FFSÍ mótmælir harðlega framkomnu frumvarpi sem þar sem enn og aftur er gerð tilraun til að auka hlut strandveiðimanna á kostnað atvinnusjómanna sem sækja sjó árið um kring. Þessi aðför nær nýjum hæðum þar sem í frumvarpinu er gert ráð fyrir sér aflareglu fyrir smábáta. Enn og aftur er ástæða til að minna á að á fiskimiðunum umhverfis landið er allra veðra von og þar af leiðandi tosóttara að stunda fiskveiðar á smábátum en stærri fiskiskip.

Virðingafyllst

F.h. FFSÍ Árni Bjarnason

Atvinnuveganefnd Alþingis
Kirkjustræti
150 Reykjavík



F I S K I S T O F A

Dalshrauni 1 220 Hafnarfirði
S: 569 7900 F: 569 7990
fiskistofa@fiskistofa.is
www.fiskistofa.is

Akureyri, 19.04.2017
Tilv. 0020/2017 - 0.2.1

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um stjórn fiskveiða (strandveiðar), 176. mál.

Vísað er til erindis nefndarinnar, sem barst Fiskistofu 30. mars sl., þar sem óskað er umsagnar um ofangreint málefni.


Fiskistofa vill benda á að þær breytingar sem lagðar eru til með frumvarpinu koma til með að auka vinnuálag og rekstrarkostnað Fiskistofu, verði það að lögum. M.a. er lögð til grundvallarbreyting á íslenska fiskveiðistjórnunarkerfinu, sem gengur út á fiskveiðiárið, en ekki verður séð hvernig strandveiðitímabilið samkvæmt frumvarpinu og val á veiðidögum fellur að því, en framkvæmdin gæti reynst örðug. Breytingarnar eru þess eðlis að þær kalla á breytingar á upplýsingakerfum stofnunarinnar og vegna möguleika á auknum afla á tímabilinu og sveigjanleika með veiðitímabilið, má gera ráð fyrir aukinni sókn í strandveiðikerfið og að bátum sem stunda strandveiðar fjölgi. Hvert þessara atriða kallar á aukið eftirlit af hálfu Fiskistofu. Breytingarnar kalla því á aukinn mannafla og rekstrarfé til handa Fiskistofu.

Þá gerir 2. gr. frumvarpsins ráð fyrir að leiða í lög svo kallaða aflareglu sem gengur út á að úthlutuðu aflamarki í þorski muni nema 20% af veiðistofni þorsks, eins og lesa má í athugasemdum með frumvarpinu, en heildarveiðin verði ákvörðuð 22% fyrst um sinn (árin 2017-2019) og skuli því magni sem sé umfram 20% viðmiðið, einungis ráðstafað til strandveiða. M.ö.o. er ráð fyrir því gert að heildarveiði á þorski á þessum árum verði aukin um 10% og sé þeim hluta öllum ráðstafað til strandveiða. Það vekur athygli, að slík regla skuli ekki skýrð nánar eða skilgreind, en hvorki hugtakið „aflaregla“ né skýringu á því er að finna í gildandi lögum.

Fiskistofa vekur jafnframt athygli á að fjármálaráðuneytið hefur ekki metið þann kostnað sem fylgir frumvarpinu, verði það samþykkt sem lög frá Alþingi.

F. h. Fiskistofu

MARGRÉT K.H.
Margrét Kristín Helgadóttir



Reykjavík, 11.04.2017
Tilv. 2017-0144
GP/mp

Málefni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr116/2003, með síðari breytingum (strandveiðar). Þingskjal 247 - 176. mál

1. gr. Hafrannsóknastofnun fagnar öllum breytingum sem draga úr líkum á brottkasti en leggur jafnframt áherslu á að allar ívilnanir í viðkomandi tegundum sem og tilfærslur í aflamarkskerfi rúmist innan setts heildaraflamarks hvernar tegundar.

2. gr. Núverandi aflaregla gerir ráð fyrir að aflamark byggji á að taka meðaltal af aflamark síðasta fiskveiðiárs og 20% af viðmiðunarstofni en hún hefur verið í gildi síðan fiskveiðiárið 2007/2008. Á þeim tíma hefur hrygningarstofninn vaxið úr um 211 þús. tonn um 470. þús tonn. Þessi árangur er fyrst og fremst að þakka núverandi aflareglu sem hefur það að markmiði að ná hámarksafrakstri en jafnframt að lágmarka áhættu á að hrygningarstofn fari undir viðmiðunarmörk.

Í janúar 2015 fór nefnd á vegum Alþjóða hafrannsóknarráðsins (WKICE) yfir aflareglu fyrir íslenskan þorsk og staðfesti álitid frá 2009 um að aflareglan "væri í samræmi við varúðarsjónarmið og leiddi til langtíma hámarksafraksturs". Undanfari þessarar niðurstöðu var skýrsla Hafrannsóknastofnunar til ANR: "Athugun á aflareglu fyrir íslenskan þorsk" sem nálgast má á á vef stofnunarinnar:

http://www.hafro.is/images/HCR_Evaluations/iCod_endurskodun_a_aflareglu_2014.pdf

Í þeirri skýrslu eru raktar niðurstöður líkindareikninga en samkvæmt þeim er lítil munur á meðal afla til lengri tíma lítið hvort veitt er við 20% eða 22% en hrygningarstofn er umtalsvert stærri við lægra hlutfall (Sjá mynd).

Jafnframt að þó hámarksafrakstur náist við 22%, en það gildi er að vísu illa ákvarðað, eru mun meiri líkur á að hrygningarstofn fari undir aðgerðarmörk en ef hlutfallið er 20%. Varúðarsjónarmið, þ.e minni en 5% líkur á að hrygningarstofn sé undir skilgreindum gátmörkum leiða til um 21% veiðihlutfalls. Fari stofninn undir gátmörk þarf að lækka veiðihlutfallið.

Til skemmri tíma lítið er vissulega mikill ávinningur hvað varðar afla af því auka veiðihlutfallið frá því sem nú er. Sá ávinningur skapast hinsvegar fyrst og fremst af


Því að gengið er á höfuðstólinn (stofninn). Breytileiki, þ.e. munur í aflamarki milli ára eykst jafnframt við hærra veiðihlutfall.

Á grundvelli þess staðfestu stjórnvöld með bréfi dagsettu 2. júní 2016 til Alþjóðahafrannsóknaráðsins að núverandi aflaregla myndi vera í gildi til júní 2020.

Hafrannsóknastofnun telur ekki ráðlegt að breyta hlutfalli því sem tilgreint er í núverandi aflareglu úr 20% í 22% líkt og frumvarpið gerir ráð fyrir.

F.h. Hafrannsóknastofnunar, rannsókn- og ráðgjafarstofnunar hafs og vatna,


Guðmundur Þórðarson



Mynd 9: Samantekt á afla og hrygningarstofni miðað við mismunandi veiðihlutfall. Þykka línan sýnir meðaltal og þunna bláa línan sýnir 5% gilda. Skyggð svæði sýna 50%, 80% og 90% gilda. Að auki sést einn stakur ferill (gráur línur). 220 þúsund tonna hrygningarstofn (gátmörk) er dregin sem lárétt græn lína.

Umsögn um Þingskjal 247 — 176. mál.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, með síðari breytingum (strandveiðar).

Í umsögn þessari lýsi ég yfir fyrir hönd smábátafélagsins Hrollaugs á Hornafirði fullum stuðningi við þetta frumvarp eins og það er uppsett svo framarlega sem að allar forsendur frumvarpsins nái fram að ganga. Frumvarpið er í alla stað vel unnið og stuðlar að sanngjarni uppbyggingu smábátaútgerðar allt í kringum landið með tilheyrandi atvinnusköpun í sjávarplássum, tækifærum fyrir nýliða til að hefja útgerð, aukinni verðmætasköpun allt í kringum landið, auk jákvæðra samfélagslegra áhrifa hringinn í kringum landið. Með frumvarpi þessu fá byggðarlög og almenningur að njóta sanngirnis innan fiskveiðistjórnunarkerfisins sem mikil þörf er á og það er álit okkar að frumvarp þetta muni skapa mikla sátt um sjávarútveg þar sem aðgengi komandi kynslóða að sjávarútvegi verður aukið og tækifærið sem ísklensk fiskveiðiþjóð verður að hafa opið fyrir fyrir íbúa sína gert að veruleika.

- Frumvarpið stuðlar á því að strandveiðikerfið verði jafngott fyrir alla strandveiðimenn og byggðarlög allt í kringum landið.
- Val um veiðidaga dregur úr spennu og eykur þar með öryggi innan kerfisins þar sem strandveiðisjómenn þurfa ekki að róa í hvaða veðri sem er á meðan veiðar eru leyfðar (Olympískar veiðar) til þess að ná endum saman og eiga á hættu að missa af veiðidag.
- 50 dagar á bát með öllum þeim takmörkunum á hvern veiðidag sem eru í frumvarpinu er sanngjarn dagafjöldi á bát og innan hvers veiðidags er sanngjarnt hámarks aflamagn sem hver bátur getur náð, fullnýti hann sína veiðidaga og aflahámark á dag.
- Frumvarpið stuðlar að sannjörnu gjaldi sem rennur til ríkisins fyrir veiðarnar ef miðað er við að 50 veiðidagar séu á hvern bát.
- Frumvarpið gerir smábátaútgerð á Íslandi fýsilegan kost fyrir þá sem vilja stunda hana allt í kringum landið. Jöfn tækifæri munu skapast fyrir Íslendinga til að stunda veiðarnar allt í kringum landið.
- Frumvarpið stuðlar að mikilli hagræðingu innan kerfisins þar sem hver og einn strandveiðimaður getur valið sína veiðidaga sjálfur. Með val á 50 dögum á 8 mánaða tímabili geta strandveiðisjómenn valið að sækja sína daga nær sínum heimamiðum þegar fiskur er á svæðunum. Strandveiðisjómenn geta líka valið um að nota sína daga á tímabilum þegar verð á mörkuðum eru há og þar með hámarkað verðmætasköpun við veiðarnar.
- Frumvarpið tekur á ósannjarnri meðhöndlun strandveiðikerfisins undanfarin ár þar sem strandveiðikerfið hefur ekki fylgt eftir öðrum kerfum við kvótaukningu síðustu ára svo munar þúsundum tonna.
- Frumvarpið mun skapa sátt í sjávrútvegi.

Það er von okkar að alþingi muni sameinast um að styðja þetta frumvarp og skapa þar með sanngjörn tækifæri allt í kringum landið bæði fyrir núverandi og komandi kynslóðir.

Höfn 18-04-2017

Virðingarfyllt

Vígfús Þórarinn Ásbjörnsson Formaður Smábátafélagsins Hrollaugs á Hornafirði

Atvinnuveganefnd Alþingis

Páll Magnússon formaður

19. apríl 2017

*Efni: Umsögn LS við frumvarp um breytingu á
lögum um stjórn fiskveiða (strandveiðar).
Þingskjal 247 - 176. mál.*

Landssamband smábátæigenda (LS) lýsir stuðningi við frumvarpið og telur að það færi umhverfi smábáta nær þeim rétti sem sjálfsagður er, þ.e.a. handfæraveiðar verði frjálstar. LS var á sínum tíma stofnað utan um þá hugsjón sem lifað hefur með félaginu hingað til og verður það áfram.

Frumvarpið er leið til að þróa strandveiðar til betri vegar og skapa meira svigrúm við veiðarnar en nú er. Þar má nefna að veiðitímabilið verður átta mánuðir í stað fjögurra og föstu- og sunnudegi bætt við aðra vikudaga sem róa má.

Sú aðferðarfræði að heimilt að velja hvern af hinum 50 dögum sjálfur verður til að létta ákveðinni pressu af því að fara í róður burtséð frá veðurhorfum. LS er sammála þessari aðferðarfræði enda gengur hún í átt að samþykkt félagsins um strandveiðar 4 daga í viku í 4 mánuði án mánaðarlegra stöðvunar veiða.



Í 2. gr. frumvarpsins er aflaaukningu mætt með því að taka strandveiðar út úr „veiðikerfinu“ og miða heildarafla við 22% af veiðistofni í stað 20%. LS hefur lengi gagnrýnt að of lítið sé veitt úr árlegum veiðistofni. Aflaregla sem komið var á til að styðja við nýtingarstefnu stjórnvalda gerir ráð fyrir að árlega sé veitt 20% af veiðistofni samkvæmt mælingum Hafrannsóknastofnunar á honum. Undanfarin ár hefur það ekki verið gert heldur hefur veiðin sveiflast frá 17-19%. Góð innistæða er því fyrir 22%.

Auk þessa er óheimilt að nota önnur veiðitæki en handfæri á strandveiðum, sem er óumdeilt umhverfisvænasta veiðarfæri sem þorskur er veiddur með hér við land og ætti af þeim sökum að meta veiðarnar útfrá því.

Í 4. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á lögum um veiðigjald. Hún gerir ráð fyrir að auk veiðigjalds skulu útgerðir strandveiðibáta greiða til viðbótar 10 krónur á hvert þorskígildiskíló. LS leggst alfarið gegn þessu ákvæði frumvarpsins.

Engin ástæða er til að líta á strandveiðar sem einhverja ölmusu og því eigi að greiða sérstakt gjald umfram aðra útgerðarflokka fyrir að fá að stunda strandveiðar. Strandveiðar eru ein tegund veiða í atvinnuskyni og sökum umhverfisvænleika veiðanna ætti frekar að verðlauna aðila sem stunda veiðarnar en leggja á hann aukagjald.



Minnt skal á að útgerðir strandveiða greiða árlega sérstakt bryggjugjald kr. 50 þúsund auk þess sem litið er á veiðarnar sem sérveiðar þar sem árleg greiðsla er 22.000 kr.

Virðingarfyllt


Axel Helgason formaður


Örn Pálsson framkvæmdastjóri

Ágæta nefndasvið.

Meðfylgjandi er afgreiðsla 212. fundar byggðarráðs Norðurbings frá 27. apríl sl.

Erindi varðandi frumvörp Alþingis um breytingu á stjórn fiskveiða er varðar strandveiðar. – 201704102

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. [116/2006](#), með síðari breytingum (strandveiðar), 176. mál og frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. [116/2006](#), með síðari breytingum (strandveiðar), 418. mál

Byggðarráð þakkar fyrirbyggjandi erindi frá stjórn Kletts, félagi smábátæigenda. Byggðarráð tekur undir málstað Kletts og telur að fyrirbyggjandi hugmyndir um lagabreytingar líklegar til að hafa jákvæð áhrif, m.a. auka öryggi. Strandveiðar eru einn af mörgum þáttum atvinnulífs í Norðurbingi sem mikilvægir eru fyrir fjölbreytileika samfélagsins. Takist vel til við framkvæmd strandveiða viðhalda þær verðmætri þekkingu og reynslu ásamt því að skapa verðmæti og stuðla að nýliðun í stéttinni.

Bestu kveðjur

Margrét Hólm Valsdóttir
Skrifstofustjóri
Stjórnsýsluhúsi Norðurbings



SEYÐISFJARÐARKAUPSTAÐUR

Kt. 560269-4559 – Sími: 470 2300 – Fax: 472 1588
Pósthólf 15 – Hafnargata 44 – 710 Seyðisfjörður
Netfang: sfk@sfk.is – Veffang: www.seydisfjordur.is

Seyðisfirði 21.apríl. 2017

Alþingi
bt.Umhverfis-og samgöngunefndar Alþingis
Alþingi við Austurvöll
150 Reykjavík

Efni: Útskrift úr fundargerð 2393. fundar bæjarráðs Seyðisfjarðarkaupstaðar 19.04.2017.

Eftirfarandi fært til bókar:

Miðvikudaginn 19.04.17 kom bæjarráð Seyðisfjarðar saman til fundar á skrifstofu bæjarins að Hafnargötu 44. Fundurinn hófst kl. 16:00.

Mætt: Margrét Guðjónsdóttir, Elfa Hlín Pétursdóttir og Vilhjálmur Jónsson sem ritaði fundargerð.

Dagskrá: Erindi

1.4.Alþingi 10.04.17. Þingsályktunartillaga um opnun neyðarbrautarinnar á Reykjavíkurlflugvelli, 156. mál.

Bæjarráð fagnar fram kominni þingsályktunartillögu um brýnt hagsmuna- og öryggismál íbúa landsbyggðanna og ferðamanna og áréttar umsögn bæjarstjórnar Seyðisfjarðar sem birtist í ályktun hennar frá 15. febrúar 2017 um Reykjavíkurlflugvöll og er eftirfarandi:

Reykjavíkurlflugvöllur – Neyðarbraut.

„Bæjarstjórn Seyðisfjarðar ályktar eftirfarandi um lokun brautar 06/24 á Reykjavíkurlflugvelli:

Lokun brautar 06/24 á Reykjavíkurlflugvelli, svokallaðrar neyðarbrautar hefur í vetur sýnt sig vera áhættusamt hættuspil. Það hefur komið í ljós að sjúkraflugvélar hafa ekki getað lent í Reykjavík né annars staðar á Suðvesturhorninu með bráðveikt fólk sem hefur þurft á nauðsynlegri umönnun að halda á eina hátækni sjúkrahúsi landsmanna.

Með lokun brautarinnar var aðgengi að þessari bráðnauðsynlegu þjónustu sett í verulegt uppnám og áhættu. Úr því þarf að bæta án tafar með því að opna brautina á ný uns jafn örugg og trygg lausn er fundin.

Þá hefur komið í ljós að umfjöllun um brautina og að hluta rökstuðningur fyrir lokun hennar hefur verið byggður á röngum forsendum samanber itarlega

athugun Öryggisnefndar félags íslenskra atvinnuflugmanna ÖFÍA. Niðurstaðan var að útreiknaður nothæfisstuðull Reykjavíkurflugvallar skv. ICAO staðli á braut 06/24 í skýrslu Eflu væri rangur og að ekki hefði verið tekið með í reikninginn bremsuskilyrði á flugbrautumum.

Að betur athuguðu máli eftir reynslu vetrarins hljóta málsaðilar að vilja axla ábyrgð og endurskoða þá stöðu sem sjúkraflugið hefur verið sett í.

Bæjarstjórn Seyðisfjarðar skorar á borgarstjórn Reykjavíkur, Alþingi og samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra að tryggja öryggi íbúa landsbyggðanna og ferðafólks með því að opna neyðarbrautina að nýju, í það minnsta þangað til önnur jafn trygg og örugg leið hefur verið opnuð.”

Virðingarfyllt,

Inga Þorvaldsdóttir.



SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Guðrúnartúni 1, 105 Reykjavík - Sími 5610769 - netfang hj@ssi.is

Nefndasvið Alþingis.

Reykjavík 21. apríl 2017.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða (strandveiðar), 176. mál.

Sjómannasamband Íslands leggst alfarið gegn því að tímabil strandveiða verði lengt eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Jafnframt leggst sambandið gegn því að veiðiheimildir strandveiðiflotans verði auknar eins og frumvarpið gerir réð fyrir. Með því að lengja strandveiðitímabilið og auka veiðiheimildir smábátaflotans sem þessar veiðar stunda er verið að taka veiðiheimildir frá sjómönnum á öðrum skipum sem hafa atvinnu af fiskveiðum og færa til annarra. Engin rök eru fyrir slíkum aðgerðum enda hefur ekki verið sýnt fram á að hagkvæmni strandveiðiflotans sé meiri en skipa sem stunda veiðar í aflamarkskerfinu. Sjómannasamband Íslands hafnar því alfarið frumvarpinu.

f.h. Sjómannasambands Íslands,


Hólmgeir Jónsson

Alþingi
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Hornafirði, 19. apríl 2017
nr. erindis 201704044 BB

Málefni: Umsögn um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða (strandveiðar), 176. mál.

Bæjarráð Sveitarfélagsins Hornafjarðar tók málið fyrir á fundi sínum þann 18. apríl þar sem eftirfarandi var bókað.


Bæjarráð telur að hugmyndir sem fram koma í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 með síðari breytingum (strandveiðar).

Um fjölgun sóknardaga séu jákvæðar og til þess fallnar að draga úr sjósókn í válegum veðrum og auka þar með öryggi sjófarenda.

Strandveiðar eru atvinnuvegur sem fastur er í sessi í sveitarfélaginu og eykur fjölbreytni atvinnulífsins. Því styður bæjarráð jákvæðar breytingar sem kunna að vera gerðar á kerfinu.

Þessu er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst



Björn Ingi Jónsson

Bæjarstjóri

Sveitarfélagsins Hornafjarðar



11.4.2017

Á 308. fundi bæjarstjórnar Vesturbyggðar í gær mánudaginn 10. apríl 2017 var undir 4. tölul. dagskrár tekin fyrir fundargerð bæjarráðs frá 4. apríl sl. sem bókaði inn beiðni frá atvinnuveganefnd Alþingis varðandi umsögn um um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða (strandveiðar), 176. mál. Bæjarstjórn bókaði:

4. 1703007F – Bæjarráð – 797.

Fundargerðin er í 11. töluliðum.

Til máls tóku: ÁS, forseti, HS, GBS, HT og NÁJ.

8.tölul. Atvinnuveganefnd – beiðni um umsögn, frumvarp til laga um stjórn fiskveiða.
Bæjarstjórn fagnar framkomnu frumvarpi þar sem aukning afla strandveiðiflotans eykur umsvif og tekjur minni hafna sem liggja nærri miðum strandveiðiflotans og styrkir þannig og eflir byggð víða á landsbyggðinni. Bæjarstjórn bendir á að fjölgun veiðidaga í 50, valkvætt innan veiðitímabilsins, eykur öryggi sjómanna.

Þetta tilkynnist hér með.

Kveðja

Þórir Sveinsson, skrifstofustjóri.

Afrit: Bæjarstjórn.